

**Ed.**

**512. Lög**

um hafnargerð á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{3}$  kostnaðar, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi  $\frac{1}{3}$  kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnar-

sjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykkt á tveim aðalfundum í röð, með minnst  $\frac{2}{3}$  atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sje slík samþykkt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

### 3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess befir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af binni ákveðnu endurgjaldsupphæð; ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

### 4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs i Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins i Hrafnárós.

### 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera i sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa i tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir siðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

### 6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnaunda undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni

og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar og fyrir kaupún, er þar kynni að koma upp.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slik lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir :

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og alt að  $\frac{1}{2}$  hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð alt að  $\frac{1}{2}$  af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra :
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Alt að  $\frac{1}{2}$  hlut af hverjum vjelbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfalls-

lega af síldveiðiskipum og togurum, en alt að  $\frac{1}{4}$  hlutar af smærri vjelbátum en 8 smálesta og róðrabátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulíð 3 a, b og c.

#### 12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., brökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

#### 13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

#### 14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjulíðum.

#### 15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

#### 16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætlunum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

#### 17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári

og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lög-reglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonu-fellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja alt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarendi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.